

Sp.

418. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um að afgreiða þessa þáttill. Ég álit hina mestu nauðsyn að hraða rannsókn stærstu jarðhitasvæðanna og enga ástæðu fyrir hendi til að fresta þessum málum, og legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Ég tel hinsvegar rétt, að almenn löggjöf verði sett um jarðhitamálin á næsta þingi og gæti fylgt viðbótartillögu um áskorun á ríkisstjórnina í því efni, ef sérstakar óskir koma fram um þau efni á þinginu, en sé ekki að svo stöddu ástæðu til að koma með tillögu í þá átt.

Alþingi, 16. des. 1937.

Héðinn Valdimarsson.